

## Formáli

### I.

Um langt skeið hafa verið til hin ágætustu hjálpargögn við rannsóknir á íslensku máli fyrri alda, þar á meðal hinum sígildu miðaldabókmenntum, en að sama skapi hefur verið áþreifanlegur skortur á samsvarandi orðabókum yfir nútímamálið. Að vísu er mestur hluti orðaforða fyrri alda enn varðveittur, þótt margt í málnotkun og merkingu orða hafi breyst, að hluta vegna þess að menningarleg framþróun hefur kallað á mikinn fjölda nýrra hugtaka og orða á flestum sviðum sem annaðhvort eru nýyrði eða erlend tökuorð. Og þrátt fyrir að einhverjar eldri orðabækur hafi að vissu leyti tekið tillit til nútímamálsins, þá hefur skortur á orðabók, sem gæti varpað ljósi á allar hliðar tungumálsins, sífellt orðið áþreifanlegri. Viðaukar Jóns Þorkelssonar við íslenskar orðabækur bættu aðeins að litlu leyti úr þessum skorti, og hin litla en gagnlega Íslensk-enska orðabók Geirs T. Zoëga frá árinu 1904 var fyrst og fremst ætluð til skólanota og tók sérstakt tillit til Íslendinga sem vildu læra ensku.

Menn fundu ekki einungis fyrir þessum skorti innan fræðasamfélagsins, heldur einnig við dagleg störf. Margir hafa viljað bæta úr þessu, einstaka hafa gert tilraunir til þess en vandkvæðin við að koma slíku verki af undirbúningsstiginu hafa verið mikil, og engu þeirra verka sem hafist hefur verið handa við, hefur lokið, þangað til að mér og samverkamönnum mínum hefur loksins tekist að leysa þetta verkefni með útgáfu þeirrar orðabókar sem nú kemur fyrir sjónir almennings eftir 21 árs starf.

### II.

Það var þann 23. apríl 1903, á sumardaginn fyrsta eftir íslenska almanakinu, að ég hóf vinnu með eiginkonu mína sem minn eina samverkamann. Til verksins fékk ég árlega dálítinn styrk á dönskum fjárlögum og síðar einnig þeim íslensku. Ég var opinber starfsmaður við Konunglega bókasafnið og gat því aðeins sinnt þessu starfi í tómstundum. Ég gerði í upphafi ráð fyrir að verkið tæki 5 ár og að mér tækist á þeim tíma að gera úr garði nothæft uppfléttirit.

Þær heimildir sem ég leitaði fyrst í voru orðfræðirit fyrri alda: Íslensk-latnesk-dönsk orðabók Björns Halldórssonar sem gefin var út af Rask, brautryðjendaverk á sínum tíma, sem tekur í meiri mæli mið af nútímamáli en allar síðari orðabækur yfir fornmálið, Fornorræn orðabók Eiríks Jónssonar, Icelandic-English Dictionary eftir Richard Cleasby og Guðbrand Vigfússon, sem er fullkomnasta og í merkingarlegu tilliti besta orðabókin yfir fornmálið, og að lokum bindi fjögur af viðaukum Jóns Þorkelssonar við íslenskar orðabækur, einkum er 3. bindið þýðingarmikið fyrir nútímamálið. Þar við bætist áður nefnd orðabók Geirs T. Zoëga. Hin mikilvæga ‘Ordbog over det gamle norske Sprog’ eftir Joh. Fritzner kom mér þó að minni notum, þar sem hún fæst eingöngu við fornmálið. Ég áleit að ég gæti bætt við þessi verk, í fysta lagi með aðstoð Danskrar orðabókar eftir Konráð Gíslason, og ekki síst með verki Jónasar Jónssonar Ný dönsk orðabók sem var nýútkomin á þessum tíma og hafði að geyma mikið af nýyrðum seinustu áratuga, og í öðru lagi með þeim orðum sem ég gæti fengið úr daglegu máli og úr þeim bókum sem mér tækist með aðstoð eiginkonu minnar að orðtaka á þessum tíma.

Árið 1908 voru fyrstu drög að bókinni tilbúin en afraksturinn var, þegar á reyndi, sorglega lítill. Ég varð af þeim sökum mjög vonsvikinn. Það var sama hvar ég reyndi bókina, hvort sem það var í bókmenntum eða í daglegu tali, þá kom ég svo víða að tómum kofanum að mér varð ljóst að bókin kæmi ekki að tilætluðum notum. Ég gerði mér grein fyrir því að til þess að útbúa uppflattirit, þótt lítið væri, sem væri nokkurn veginn fullnægjandi, þá verði að vera til stórar orðabækur yfir tungumálið, sem hægt sé að byggja á.

Ég fór því fram á við danska kennslumálaráðuneytið að það endurnýjaði styrkveitinguna til 3 ára, það gekk eftir og ég hélt verkinu áfram, enn með aðstoð eiginkonu minnar sem eina samverkamanns míns. Það sem mest lá á var að afla sem mests orðaforða úr samtímamáli. Orðaforða fyrri alda voru gerð svo góð skil hjá Cleasby-Vigfússon og Fritzner, að ekki var miklu þar við að bæta. Taka varð nægilegt tillit til þess fjölda nýyrða og nýrra merkinga eldri orða, sem stórstígar og sífellt fjölbreyttari samfélagsbreytingar höfðu haft í för með sér. Og hreinræktað alþýðumál, sem aðeins að litlu leyti birtist í bókmenntum vorum, var með því mikilvægasta. Þar við bættist skáldamálið með öllum sínum sérkennum, bæði hið hefðbundna svo og nýmælin.

Þarna varð ég að velja hæfilegt úrval, vegna þess stutta tíma og þeirra takmörkuðu fjárráða, sem ég hafði. Í fyrsta lagi þurfti að orðtaka þjóðsögur, ævintýri og rit um þjóðlega siði og venjur, þar sem von var til að finna meira af alþýðumáli en í hefðbundnum fagurbókmenntum, og þar sem einnig var von til að finna mikilvægt menningarsögulegt efni. Því næst kom úrval úr skáldsagnatextum og okkar litlu leikbókmenntum. Úr dagblöðunum náði ég í mikinn orðaforða. Ég orðtók gaumgæfilega

mikinn fjölda árganga af tímaritinu 'Eimreiðin' sem gefið er út í Kaupmannahöfn í ritstjórn prófessors Valtýs Guðmundssonar, ágætt tímarit sem snertir á mörgum málefnum. Opinbert lagamál og tækniorðaforða á ýmsum sviðum reyndi ég að nálgast með því að fara í gegnum marga árganga af íslenskum Stjórnartíðindum. Þar sem þau birtu á þeim tíma danskar þýðingar á íslenskum lögum ásamt mikilvægustu tilskipunum og reglugerðum, fékk ég þar löggiltar þýðingar á miklum fjölda hugtaka úr daglegu lífi.

Á þessum tíma orðtók ég aðeins nokkur önnur verk. Mikilvægustu bókmenntagrein okkar, ljóðlistinni, sinnti ég eftir mikla umhugsun, hlutfallslega minnst. Ég tók þó með þekkt sígild verk frá fyrri hluta 19. aldar, Bjarna Thorarensen, Jónas Hallgrímsson, Grím Thomsen, Bólu-Hjálmar (vegna hans kjarnyrta alþýðumáls), og meðal hinna yngri Matthías Jochumsson og Stephan G. Stephansson. Ég fór nokkuð nákvæmlega yfir ljóðasöfn þessara skálda en frá öðrum skáldum tók ég aðeins það sem ég hafði af tilviljun rekist á. Ég áleit að unnt væri að skilja orðfæri skáldamálsins, í þeim tilvikum sem það er varðveitt, með hjálp Lexicon poeticum Sveinbjarnar Egilssonar, og þar að auki mundi hvert ljóðasafn hafa að geyma fjölda nýrra orða sem væru einkennandi fyrir hvert skáld fyrir sig, en væru þess eðlis að varla væri ástæða til að taka þau með í orðabók sem þessa. Ég lét aftur á móti orðtaka þýðingar Sveinbjarnar Egilssonar á Hómer þar sem þau verk marka að mínu mati tímamót í málsögu okkar og hafa haft gífurleg áhrif á þróun óbundins nútímamáls.

Árið 1911 hafði vinnan staðið yfir í 8 ár. Tekist hafði að efna til álitlegs orðasafns og flokka það, uppbygging orðabókarinnar hafði að mestu leyti verið ákveðin og þegar ég gerði tilraunir með hana þá skiluðu þær miklu betri árangri en fyrstu drögin höfðu gert. Mér var ljóst að nú væri til nokkurn veginn nothæft uppfléturit. En að sama skapi varð mér ljóst að í orðabókina vantaði tilfinnanlega orðfæri af einu sviði, en þar á ég við alþýðumálið. Reyndar hafði ég allt frá því að ég hóf verkið skráð hjá mér slíkt orðfæri sem ég heyrði og rakst á af tilviljun. Í Kaupmannahöfn hafði ég oft tækifæri til að hitta Íslendinga af öllu landinu og mér hafði þannig tekist að safna nokkrum fjölda orða, og við bættust bréfaskriftir við fáeina vini og kunningja, og nefni ég þar sérstaklega æskuvinnu minn og skólabróður Guðmund Björnsson landlækni, sem hefur mikinn áhuga á málvísindum og hefur látið mig njóta góðs af í stórum stíl. Hann sýndi orðabókinni áhuga frá upphafi og sendi mér öðru hverju tilkynningar um orð og orðfæri úr alþýðumáli sem komu mér í góðar þarfir.

Málum var nú svo hátt að einn af fremstu vísindamönnum þjóðarinnar hafði um árabíl staðið að söfnun orðfæris úr mæltu máli. Þetta var minn gamli kennari og vinur, *Björn Magnússon Ólsen*,

fyrirverandi rektor við Menntaskólann í Reykjavík, sem á þessum tíma var við það að taka við embætti sem prófessor í íslensku máli og bókmenntum við Háskóla Íslands sem stofnaður var árið 1911. Í upphafi hafði ætlun hans verið að semja fræðilega orðabók um tungumál samtímans en meðal annars veikindi hans og margvísleg fræðistörf á öðrum sviðum, ásamt embættisskyldum höfðu komið í veg fyrir að honum tækist ætlunarverk sitt að því marki sem hann hafði hugsað sér. En hann hafði, með styrk frá Carlsbergsjóðnum, ferðast um árabíl um Ísland með það að markmiði að rannsaka tungumál alþýðunnar á ýmsum svæðum og skrásetja orð.

Samband mitt við Björn M. Ólsen var einkar náíð, en hann hafði frá því að ég var barn að aldri látið sér annt um mig og aðstoðað á marga lund. Ég vissi að hann óskaði þess heitt að orðasöfn hans yrðu að gagni fyrir almenning en honum var að sama skapi ljóst að honum myndi ekki auðnast á sínum efri árum að koma þeim fyrirætlunum í framkvæmd að því marki sem hann hafði hugsað sér í upphafi.

Að ráði sameiginlegs vinar, sem áleit að slík tillaga væri Birni M. Ólsen kærkomin, sneri ég mér nú til hans. Ég lagði til við hann að við sameinuðum orðasöfn okkar og myndum fara yfir handritið saman og gefa orðabókina út í nafni okkar beggja.

Björn M. Ólsen kom þá til Kaupmannahafnar og kannaði orðasöfn mín, sem hann þekkti reyndar nokkuð frá fyrri heimsóknum. Hann lofaði að vinna með mér og að láta mér söfn sín í té, þar sem hann áleit að þau, miðað við umfang þess sem þegar hafði verið safnað, yrðu aðeins lítið brot af bókinni, og þar sem ég hafði þegar samið fullbúna orðabók, þar sem að mestu væri búíð að ákveða útlit og ritstjórnarreglur, vildi hann ekki taka boði mínu um að standa sem meðhöfundur bókarinnar. Við tilkynntum síðan Carlsbergsjóðnum og kennslumálaráðuneyti Danmerkur um ákvörðun okkar, og ég fékk áframhaldandi styrk frá Carlsbergsjóðnum til frekari orðasöfnunar og til að bæta efniviði *Björns M. Ólsen* í bókina. Á næstu árum, fram til vorsins 1917, unnum við eiginkona mín svo áfram að orðabókinni, enn í bréfasambandi við *Björn M. Ólsen* um álitamál.

Í júní 1917 sótti ég um og fékk leyfi frá embættisstörfum mínum við bókasafnið í 14 mánuði og hélt þá til Reykjavíkur með orðasöfn mín. Við ritstjórnarvinnuna var mér orðið ljóst að ég gæti í mörgum tilvikum ekki aflað nauðsynlegra upplýsinga í Kaupmannahöfn, og einmitt á þessum tíma voru póstsamgöngur við Ísland afar ótryggar og erfiðar vegna heimsstyrjaldarinnar. Ætlun mín var núna að gera tilraun til að ljúka aðalritstjórn verksins í Reykjavík. Fyrir velvilja danska kennslumálaráðuneytisins og þjóðþingsins fékk ég nauðsynlegt framlag til ferðarinnar, og í fyrsta sinn einnig fjárupphæð sem gerði mér kleyft að greiða fyrir nauðsynlega aðstoðarmenn.

Við komu mína til Reykjavíkur í júní 1917 var *Björn M. Ólsen* enn á lífi en heilsu hans fór hrakandi vegna sjúkdóms þess er dró hann að lokum til dauða hálfu öðru ári síðar (16. janúar 1919). En sem betur fer fyrir orðabókina fékk ég nokkurn fjölda samverkamanna, og áttu sumir þeirra eftir að skipta sköpum fyrir framtíð hennar. Fyrstan nefni ég *Jón Ófeigsson*, aðjúnkt við Gagnfræðaskóla Reykjavíkur, og *Holger Wiehe* mag. art., þáverandi dósent í dönsku við Háskóla Íslands. Auk þeirra voru fastir starfsmenn verkefnisins þetta ár þau frk. *Anna Bjarnadóttir Sæmundsson* B.A., *Árni Sigurðsson*, síðar prestur við Fríkirkjusöfnuðinn í Reykjavík, *Pétur Sigurðsson* mag. art., *Björn Karel Þórólfsson* mag. art., *Steinþór Guðmundsson*, síðar skólastjóri, og rithöfundurinn *Þórbergur Þórðarson*. Ég fékk einnig tækifæri til að kanna nokkur óprentuð orðasöfn á Landsbókasafni, og þar kom einkum hið stóra orðasafn Hallgríms Scheving mér að góðu gagni. Safn þetta orðtók fyrir mig *Páll Eggert Ólason* cand. jur., síðar dr. phil. og prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands.

Með hjálp þessa hóps tókst að ljúka verkinu. *Jón Ófeigsson* og *Wiehe* voru á þessum tíma helstu aðstoðarmenn mínir, einkum sá fyrrnefndi, sem allt frá því að hann hóf störf við verkefnið í október 1917 var mín hægri hönd við stjórn þess. Hann lauk sjálfur við ritstjórn margra kafla bókarinnar, þann vetur bókstafina *F*, *K* og *R*, ásamt síðasta hluta stafrófsins, (bókstafina *V* til *Ö*, að undanskildum *Y* og *Ý*, sem þegar höfðu verið unnir um leið og *I* og *Í*), eftir að ég sneri aftur til Danmerkur í júlí 1918). Forsetningum í öllum þessum köflum ritstýrði ég þó sjálfur. *Wiehe* tók við endurskoðun á dönskunni í orðabókinni.

Í upprunalegri orðabók minni var ekki ætlunin að sýna framburð en mér varð síðan ljóst að það væri algerlega nauðsynlegt að bæta hljóðritun við orðabók af þessu tagi. Íslensk hljóðfræði var á þessum tíma óplægður akur; ýmsir þekktir fræðimenn höfðu þó gert ágætar athuganir (*Sweet*, *P. Passy*, *Otto Jespersen*, *Joh. Storm*), og þar að auki hafði Sveinbjörn Sveinbjörnsson birt fáein hljóðritunardæmi í tímariti *Passys* „*Le maitre phonétique*“, og *H. Buerger Goodwin* hafði birt nokkur mikilvæg sérfræðirit í „*Svenska landsmål*“, og er það ítarlegasta efnið sem hingað til hefur birst. Segja má að ísinn hafi verið brotinn þótt ágreiningur hafi ríkt um margt og mörg mikilvæg atriði enn ókönnuð. Það var mér því til mikils happs að báðir mínir fyrrnefndu helstu samstarfsmenn, *Jón Ófeigsson* og *Wiehe*, höfðu mikla innsýn í og mikinn áhuga á slíkum rannsóknum. Bráðabirgðakerfi, sem ég hafði byggt upp, einkum á grundvelli rannsókna *H. Sweet*, reyndist alltof ófullkomið. *Jón Ófeigsson* tók nú alveg við stjórninni og með framlagi hans og *Wiehes* var kerfið fullkomnað. Ég hafði það síðan með mér til Danmerkur og sýndi það tveimur sérfræðingum, prófessor *Otto Jespersen* í

Kaupmannahöfn og prófessor *Marius Hægstad* í Kristjáníu, sem báðir gáfu mér mörg góð ráð sem við gátum nýtt okkur.

Verkið var nú svo langt komið að hægt var að undirbúa útgáfuna. Ljóst var að til þess þurfti stuðning hins opinbera þar sem ekki var hægt að gera ráð fyrir að nokkur útgefandi mundi leggja út í slíka útgáfu á eigin kostnað. Ég hafði þegar lagt fram tillögu fyrir ríkisstjórnina og leitað hófanna hjá nokkrum útgefendum, bæði í Reykjavík og Kaupmannahöfn, en ekki hafði verið tekin nein endanleg ákvörðun. Er ég sneri aftur til Kaupmannahafnar og ræddi útgáfuna við eiginkonu mína, þá kom okkur í hug að það væri í raun æskilegast að ríkin tvö, sem höfðu stutt vinnu við orðabókina, myndu einnig standa straum af kostnaði við útgáfuna, þannig að hún yrði óháð framlagi útgefanda. Eiginkona mín fékk einnig þá frumlegu hugmynd, sem ég tók strax fagnandi, að ef svo færi að ríkin tvö fengjust til að greiða útgáfukostnaðinn þá myndu tekjurnar af sölunni á fyrstu útgáfu bókarinnar fara í sérstakan sjóð, sem myndi fjármagna nýja og endurskoðaða útgáfu orðabókarinnar; nýja útgáfan myndi síðan fjármagna þá næstu – og þannig koll af kolli. Þannig fengju ríkin tvö á vissan hátt með tímanum endurgreiddar, ekki einu sinni heldur margsinnis, hinar háu fjárhæðir sem settar voru í fyrstu útgáfuna. Á þann hátt yrði einnig tryggt, að jafn lengi og tungumálin íslenska og danska lifðu, væri til orðabók yfir málin tvö sem endurnýjaðist fyrir eigin tilverknað, og tæki ávallt mið af þeim breytingum sem yrðu á málunum. Með slíkri orðabók sköpuðust menningarleg tengsl, einkum milli Íslands og Danmerkur, en um leið einnig á milli Íslands og annarra norrænna landa.

Þetta kallaði á nýja útreikninga og áætlanir og árið 1919 hélt eiginkona mín síðan til Íslands með þau gögn og umboð frá mér til að ganga frá málunum, og þökk sé hennar skörpu sýn og óþreytandi vinnu þá tókst að fá Alþingi og ríkisstjórn Íslands á okkar band. Í Danmörku sýndi fjárveitingavaldið mér einnig einstaka velvild, þegar ég lagði fram nýja endurskoðaða og breytta útgáfuáætlun.

Þegar ég fór frá Íslandi aftur til Danmerkur í júlí 1918 geisuðu síðustu og blóðugu bardagar heimsstyrjaldarinnar. Ekki var lengur um að ræða að ferðast með ómetanlegt handrit orðabókarinnar yfir hafið vegna tundurduflahættu, sem reyndar var ekki nauðsynlegt þar sem ég gat áhyggjulaust falið meðritstjóra mínum, *Jóni Ófeigssyni*, að ljúka við ritstjórn á fyrrnefndum ófrágengnum hluta orðabókarinnar. En það lá einnig önnur ástæða að baki fyrir því að ég kaus að skilja verkið eftir. Ég hafði nefnileg tekið ákvörðun um að láta prenta það í Reykjavík í prentsmiðjunni Gutenberg. Ég hafði spurst fyrir um verðið og fengið tilboð frá öðrum, bæði dönskum og íslenskum prentsmiðjum. Af þessum tilboðum var tilboð Gutenberg hagstæðast. Ég hafði einnig látið Gutenberg gera nokkrar prufur sem komu afar vel út, og varð til þess að

ég kaus þessa prentsmiðju. Ég þekkti einnig persónulega marga af prenturunum og þóttist öruggur um að prentsmiðjan myndi gera allt sem í hennar valdi stæði til að skila verkinu eins vel og hægt væri. Að sjálfsögðu voru forsendurnar þær að send yrði próförk til mín í Kaupmannahöfn svo að ég gæti fylgst með verkinu á þann hátt.

Helsta ástæða mín fyrir því að láta prenta orðabókina í Reykjavík var þó önnur. Dvöl mín á Íslandi 1907 – 18 hafði fært mér heim sanninn um að prófarkalesturinn yrði gífurlega umfangsmikill, og nauðsynlegt yrði að láta verkið fara í gegnum hreinsunareld með því að senda prófarkir til ýmissa áhugamanna, bæði til aukningar og endurbóta. En að ætla sér að stýra slíkum prófarkalestri og slíku endurskoðunarstarfi frá Kaupmannahöfn var næstum því ógerlegt þegar vinnan yrði að fara fram og vera jafn nákvæm og margar ástæður lágu til að væri ákjósanlegt.

Þarna kom áðurnefndur vinur minn og helsti samverkamaður, *Jón Ófeigsson*, mér til aðstoðar. Hann tók að sér að fylgjast með prentuninni og prófarkalestrinum í Reykjavík. Og hann lét ekki þar við sitja. Meðan á prentun stóð yfirfór hann handritið með gagnrýnum augum, sem var ákaflega mikilvægt, og bætti við þeim leiðréttingum og viðbótum sem ýmsir samverkamenn höfðu sent honum. Frá sjálfum sér bætti hann við fjölda orða og orðasambanda sem hann hafði tekið eftir, einkum úr daglegu máli.

1. próförk orðabókarinnar var ávallt lesin af tveimur. Annar þeirra var frá upphafi *Jón Rósenkranz* læknir, sem ég verð einnig að þakka sérstaklega fyrir margar viðbætur, einkum á sviði læknisfræði, og að honum gengnum vorið 1924, tók við *Pétur Lárusson* ritari á skrifstofu Alþingis; hinn prófarkalesarinn var í upphafi *Þorgrímur Kristjánsson* cand. phil. sem las próförk frá og með örk 1 – 30; þá tók við 1. próförk af honum *Jón Sigurðsson* skrifstofustjóri Alþingis. Í forföllum þessara manna lásu 1. próförk þeir *Jón Ófeigsson* sjálfur og *Stefán Einarsson* mag. art.

2. próförk las ávallt meðritstjóri minn, *Jón Ófeigsson*, og auk hans *Magnús Helgason*, forstöðumaður Kennaraskólans í Reykjavík, og fyrrnefndur *Jón Sigurðsson* skrifstofustjóri. Þessir tveir föstu prófarkalesarar hafa á margan hátt aukið mjög við orðaforða bókarinnar, einkum með tilliti til alþýðumáls, auk þess sem þeir studdu á margvíslegan hátt við verkið með ráðum og dáð.

Auk þessara föstu prófarkalesara fengum við aðstoð ýmissa fræðimanna við aðra próförk. Það var í upphafi einkum *Geir T. Zoëga*, rektor við Gagnfræðaskóla Reykjavíkur, *Pálmi Pálsson* yfirkennari, sem nú er látinn, *Sigurður Guðmundsson* mag. art. fram að því að hann var settur forstöðumaður Gagnfræðaskóla Akureyrar og varð að fara frá Reykjavík, auk *Guðmundar Björnssonar* landlæknis, *Freysteins Gunnarssonar* síðar íslenskukennara við Kennaraskólann í Reykjavík, og

*Sigurðar Nordals* prófessors. Gátun á tilvitnunum var í höndum *Boga Ólafssonar* aðjúnkts; að viðbótum á hljóðritunartáknum og öðrum tilfallandi störfum komu ýmsir á ólíkum tímabilum, fyrst skal talin frk. *Anna B. Sæmundsson*, síðar kom *Stefán Einarsson* mag. art., frú *R. Ófeigsson* og frk. *Svanhildur Ólafsdóttir* stud. phil. Auk þeirra komu að verkinu ýmsir sérfræðingar á ólíkum sviðum sem voru fúsir að veita okkur hlutdeild í vitneskju sinni þegar þörf krafði. Af þessu fólki vil ég tilgreina tvo: dr. phil. *Helga Jónsson* aðjúnkt og fyrrverandi yfirkennara *Bjarna Sæmundsson* fiskveiðiráðgjafa sem aðstoðaði okkur við náttúrufræðileg efni í fjölda tilvika. Við myndskreytingar hafa báðir þessir síðasttöldu fræðimenn verið einstaklega hjálplegir; dr. *H. Jónsson* annaðist uppsetningu á texta í mynd 1 – 4, og naut hann þar aðstoðar frú *Karólínu Guðmundsdóttur* þegar um vefstól og rokk var að ræða, auk þess útbjó hann mynd 3 (eyrnamörk) í samráði við sérfræðing, fv. alþingismann *Guðjón Guðlaugsson*. *Bjarni Sæmundsson* teiknaði mynd 1 – 2 (bátinn og ýmsa hluta hans) og þar að auki vöðva þorsksins á mynd 5 (hauskúpa og kinnar eru teknar úr verki sem vitnað er í eftir J.E.V. Boas, með vinsamlegu leyfi hans). Textinn við þá mynd kemur einnig að mestu leyti frá *Bjarna Sæmundssyni*. Við teiknivinnuna hefur teiknarinn hr. *Jón Víðis* veitt einstaka aðstoð.

Eftir viðbætur við 2. próförk bókarinnar eins og að framan er lýst, var 3. próförk send til mín til Kaupmannahafnar í fjórum eintökum, ég hélt tveimur eftir en sendi hin tvö áfram, annað til *Finns Jónssonar* prófessors, en hann hafði frá byrjun sýnt orðabókinni lifandi áhuga og oft veitt mér góð ráð og ýmsan stuðning, hitt sendi ég til *Holgers Wiehe* sem nú bjó í Silkiborg. Báðir komu þeir með tillögur að leiðréttingum og breytingum sem ég sá svo um að færa inn og senda til prentunar í Reykjavík.

Eftir lát *Björns M. Ólsen* árið 1919 féllu handrit hans í minn hlut samkvæmt erfðaskrá, þar á meðal sá hluti af skráningarvinnunni úr söfnunarferðum hans sem honum hafði ekki tekist að vinna úr. Ég fór nú í gegnum þennan efnivið og hefur hluta hans verið bætt við texta orðabókarinnar; afgangurinn af því sem ég sá ástæðu til að taka með mun birtast í viðbæti, þar sem einnig mun verða að finna leiðréttingar og orð sem vantar er við höfum rekist á við yfirlestur á lokapróförkunum ásamt einstaka öðrum orðum, að hluta úr bókum sem hafa verið orðteknar og að hluta úrval orða sem ýmsir hafa sent okkur. Við vinnu mína við endurskoðun og yfirferð á söfnum þeim sem *Björn M. Ólsen* lét eftir sig hef ég fyrst og fremst notið aðstoðar frá *Jóni Helgasyni* mag. art. sem að auki las yfir 3. próförk af lokahluta bókarinnar meðan ég dvaldi í Reykjavík sumarið 1924, ásamt þeim frk. *Önnu B. Sæmundsson* og *Einari Ólafi Sveinssyni* stud. mag.



Eins og sjá má af framangreindu hefur gríðarlega mikið bæst við bókina og ýmsar endurbætur á textanum átt sér stað meðan á prentun og prófarkalestri stóð. Heiðurinn af því hversu vel sú vinna hefur verið unnin og að þar hafi í hvívetna verið gætt fyllstu nákvæmni, á fyrst og fremst meðritstjóri minn Jón Ófeigsson, en ósérplægni hans, skarpskyggni, þekking og einstök árvekni á öllum sviðum verkefnisins bera honum fagurt vitni. Þrátt fyrir að skyldur hans sem aðjúnkts veittu ekki mikið svigrúm, og þrátt fyrir að hann yrði að leggja til hliðar mikilvæg bókmenntastörf vegna vinnu sinnar við orðabókina, var framlag hans til orðabókarinnar margfalt að umfangi en það sem samningur okkar hljóðaði upp á. Hann hélt ávallt fullum trúnaði við mig sem aðalritstjóra og upphafsmann verksins og sá til þess að ég fylgdist með öllu sem máli skipti og bar undir mig álitamál til endanlegrar ákvörðunar. Eins og hljóðritunin birtist nú er í aðalatriðum hans verk, og þrátt fyrir að við gerum okkur grein fyrir að hljóðritun sú sem hér birtist sé aðeins að nokkru leyti fullkomin og geti ekki verið annað meðan íslenskt hljóðkerfi hefur ekki verið rannsakað með tækjum og samkvæmt nýjustu aðferðum, þá munu menn vonandi viðurkenna að með vinnu sinni hafi hann lagt grunn sem hingað til hefur skort til slíkra rannsókna. Að öðru leyti vísa ég til ritgerðar hans um þetta á næstu síðum.

Sem fyrr segir ritstýrði hann sjálfstætt ákveðnum hlutum bókarinnar, sumu meðan á dvöl minni í Reykjavík stóð 1917 – 18, og öðru næsta vetur. En þar að auki á orðabókin honum að þakka frumkvæðið að mikilvægri breytingu. Ég hafði í upphafi ætlað mér að fylgja aðferðum annarra stórra orðabóka og skipta stórum sögnum upp og flokka merkingu þeirra eftir innbyrðis skyldleika, á sama hátt og gert er við nafnorð og forsetningar. Tillaga hans var aftur á móti sú að raða þessum orðum þannig að fyrst kæmu aðalmerkingarnar í klösum, og síðan fylgdi fjöldi dæma á eftir, í stafrófsröð. Þar sem sú aðferð gefur betri yfirsýn og auðveldar mjög leitina að einstöku orðalagi, féllst ég á þetta þegar um stórar sagnir er að ræða. Vona ég að notendur orðabókarinnar muni afsaka ósamræmið sem óneitanlega verður við slíka meðferð á sögnum og meta hagræðið sem þeir hafa af þessari aðferð.

Auk þess að nefna *Jón Ófeigsson* sem minn helsta samverkamann við ritstjórnina hef ég tilgreint tvö önnur nöfn á titilsíðu. Annað er nafn míns helsta samverkamanns við orðasöfnunina, eiginkonu minnar cand. phil. *Bjargar Caritasar Blöndal*, fæddrar *Þorláksson*, hitt er nafn helsta trúnaðarmanns míns hvað varðar dönskuna í orðabókinni, *Holgers Wiehe* mag. art. Eiginkona mín var um árabíl eini aðstoðarmaður minn við orðasöfnunina, og óeigingjarnt starf hennar í þágu orðabókarinnar varð til þess að hún hætti háskólanámi því sem hún hafði hafið og gat ekki tekið upp þráðinn aftur fyrr en árið 1920. Þar að auki hefur hún lagt á sig mikið erfiði þegar að hinni fjárhagslegu hlið orðabókarinnar kom, einkum og

sér í lagi í Reykjavík, og eins og áður er getið þá var það að hennar frumkvæði að orðabókarsjóðurinn var stofnaður, hugmynd sem vonandi mun gera verk þetta að varanlegri og gagnlegri stofnun.

Sá þriðji sem nefndur er á titilsíðu sem helsti samverkamaður, *Holger Wiehe* mag. art., hefur ekki innt af hendi jafn mikið starf og sumir aðrir starfsmenn, sé litið til umfangs, en að innihaldi er framlag hans einkar mikilvægt, þar sem hann hefur fyrst og fremst yfirfarið danskar þýðingar í bókinni. Danska er háþróað tungumál, fullt af blæbrigðum og gildrum sem útlendingar geta gengið í, og þótt ég hreyki mér af því að hafa tileinkað mér það vel á þrjátíu ára dvöl minni í Danmörku – af erlendum manni að vera – og að bæði meðritstjóri minn og eiginkona hefðu síst minna vald á tungumálinu en ég sjálfur – þá hef ég þó æ ofan í æ orðið þess var, hversu mikilvægt það hefur verið mér að hafa Wiehe að samverkamanni. Það hefur verið ‘punkturinn yfir i-ið’, veitt mér öryggi og fullvissu sem ég hefði engan veginn viljað vera án. Næmni hans á blæbrigði og skýrleika móðurmáls hans og afburðapekking hans á íslensku hefur oftast en ekki leitt til þess að hann hefur fundið hentugri þýðingar en þær sem okkur hinum hafði komið í hug. Þar að auki hefur hann bætt við orðaforða bókarinnar með því að senda inn orð sem hann hefur rekist á við lestur, og sem lið í efnisöflun orðtekið safn G. Jónssonar um íslensk orðtök.

### III.

Framangreint ætti að nægja til að veita sögulega yfirsýn yfir tilurð bókarinnar. Að orðabókin hafi í upphafi verið hugsuð sem minna verk en að með tímanum hafi heppilegar aðstæður orðið til þess að hún þróaðist yfir í stóra orðabók, einkennir verkið allt. Af þessum sökum hafa praktísk sjónarmið verið ráðandi.

Varðandi uppbyggingu orðabókarinnar skal eftirfarandi tekið fram:

Tilgangur orðabókarinnar er að veita yfirsýn yfir orðaforða íslensks nútímamáls, í riti sem og ræðu.

Varðandi talmál og alþýðumál hef ég þegar nefnt helstu heimildarmenn mína, söfn Björns Magnússonar Ólsen og mitt eigið framlag og samverkamanna minna meðan á vinnu við orðabókina stóð svo og í prentun; þar að auki höfum við Jón Ófeigsson báðir fengið send einstök orð og orðasambönd, sem og stór og smá söfn; á þann hátt tók ég fyrir milligöngu Björns M. Ólsen á móti safni mállýskuorða úr Skaftafellssýslu, sem á uppruna sinn hjá séra *Jóni Jónssyni* í Stafafelli sem þekktur var fyrir gáfur, annað safn frá Vestmannaeyjum kom frá *Þorsteini Jónssyni* héraðslækni, svo og mikilvægt safn sem þjóðsagnasafnarinn *Ólafur Davíðsson* útbjó, þau tvö síðastnefndu úr fórum Björns M. Ólsen. Meðal þess sem hann lét eftir sig fann ég einnig orðalista frá ýmsum mönnum, og ber hér að nefna sérstaklega mikilvægt

framlag frá *Bjarna Jónssyni* kennara í Reykjavík. Að lokum skal hér talinn mikilvægur efniviður varðandi notkun á forsetningum í íslensku, bæði fyrir fornmálið og hið lifandi mál sem ég fékk frá vini sem nú er látinn, *Anders Tryde* cand. theol. sem á sínum tíma var dönskukennari við Liðsforingjaskólann í Kaupmannahöfn, ásamt verðmætu safni um málfar alþýðunnar sem rithöfundurinn *Þórbergur Þórðarson*, samverkamaður minn veturinn 1917 – 18, hafði tekið saman og af vinsemd látið mér í té. Þar að auki langar mig að nefna framlag frá *Jóni Helgasyni* mag. art. og *Birni Karel Þórólfsyni* úr Skaftafellssýslu. Af söfnum þeim sem *Jón Ófeigsson* tók á móti þá vil ég nefna sérstaklega safn sem *Arnór Sigurjónsson* skólastjóri frá Breiðumýri í Þingeyjarsýslu tók saman. Auk þessara nefni ég hér sérfræðinga á ýmsum sérsviðum sem hafa lagt til efni, *Pétur Zóphoníasson* starfsmann Hagstofu Íslands (hugtök úr skák o.fl.), hr. *Pétur Guðmundsson* (bókbindaraiðn), hr. *Pál Halldórsson* forstöðumann Sjómannaskólans í Reykjavík (orðfæri úr sjómennsku), og þar að auki þá *Lárus H. Bjarnason* hæstaréttardómara og *Jón Kristjánsson* heitinn, prófessor í lögum við Háskóla Íslands (lagamál).

Það hefur verið mér mikið kappsmál að hafa í orðabókinni eins mikið af alþýðumáli og nokkur var kostur. Þegar orð og orðalag er aðeins þekkt á ákveðnum svæðum eða landshlutum er það tekið fram en menn skulu þó alls ekki útiloka að þetta orðalag geti einnig þekkt annars staðar. Það hefur æ ofan í æ sýnt sig að orð, sem ég áleit að væru eingöngu svæðisbundin, er, samkvæmt áreiðanlegum heimildarmönnum, einnig að finna annars staðar. Ein af ástæðunum fyrir því að maður ætti að fara varlega í að binda orðfæri afgerandi við staði er tilkoma bæjanna og fólksflutningar. Frá landnámi Íslands og alveg fram á miðja 19. öld bjó fólk að mestu leyti um kyrrt í sinni heimabyggð en með hinum mikla vexti bæjanna og framþróun í samgöngum hafa aðstæður gjörbreyst.

Allir orðabókahöfundar, sem vilja safna orðum úr lifandi máli sem prentaðar heimildir hafa ekki að geyma, eru mjög háðir heimildarmönnum sínum og verða að velja þá með gagnrýnu hugarfari og ekki gleypa við hverju sem er. Oft reynist hið upprunalega orð falið og það getur lifað áfram í breyttri mynd, meðan upprunalega orðmyndin þekktist bara á einu svæði. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að taka einnig hinar breyttu orðmyndir með þar sem þær eru oft útbreiddari, og vísa þá þaðan í rétta mynd. Sláandi dæmi um slík orð má finna í þessari orðabók: *finnvika*, *finnvitka* (sjá Viðbæti; sbr. *fundvika* o.s.frv.) og *úllinseyru* (*óhljóðseyru* o.s.frv.). Deila má um hvort ég hafi ávallt verið nógu gagnrýninn. Um það get ég ekki dæmt sjálfur. Ég á von á að margt af þessu tagi, sem er að finna í orðabókinni, verði leiðrétt og lagað við frekari skoðun en ég á mér líka þá ósk að hér muni orðabókin verða grunnur að frekari rannsóknum á þessum mikilvæga þætti í tungumáli okkar.

Hvað ritmálið varðar þá hef ég að sjálfsögðu verið betur settur. Ég hef í því sem á undan er komið, rætt þátt eldri orðabóka. Af þeim stend ég í mestri þakkaraskuld við *Björn Halldórsson*, sem verður að skoðast sem hinn eiginlegi faðir íslenskra orðabókafræða síðari tíma vegna þeirrar athygli sem hann veitti talmáli við hlið ritmálsins. Til að tjá þakklæti mitt og aðdáun á þessum manni, einum af merkustu sonum Íslands, hefur verið ákveðið að bókin komi út þegar tvö hundruð ár eru liðin frá fæðingu hans (5. desember 1924), eða eins nálægt þeirri dagsetningu og mögulegt er. Að auki hef ég einkum stuðst við orðabók þeirra Cleasbys og Guðbrands Vigfússonar.

Af bókmenntum frá 19. og 20. öld hafa mörg verk verið orðtekin að hluta eða öllu leyti. Þó vantar mörg mikilvæg verk – einkum þykir mér miður að ekki hafi verið unnt að sinna fræðibókum sem út hafa komið eftir 1915 þótt eitthvað sé að sjálfsögðu með. Ég hef með vilja sneitt hjá fjölda verka á sviði guðfræði og uppbyggilegra bókmennta, þar sem mér fannst þessum hluta tungumálsins vera nægilega vel sinnt í Viðaukum Jóns Þorkelssonar. Reyndar verður orðabókarhöfundur að nota aðrar aðferðir en bókmenntafræðingur. Bókmenntalegt stórvirki getur verið honum til lítils gagns varðandi sjaldgæf og áhugaverð orð og merkingar, en aftur á móti getur lélegur skáldskapur eða heimildir sem ekki teljast til eiginlegra bókmennta, veitt honum mikilvægar upplýsingar um tungumálið. Krot götudrengjanna á múrum Pompei hafa þannig aukið verulega við þekkingu okkar á ýmsum sviðum latínunnar sem ekki birtust í stórvirkjum gullaldar hennar nema þá að litlu leyti.

Því langar mig hér með að áréttu að þótt menn telji að eitthvert þekkt rit vanti í heimildaskrána, þá er það ekki vegna þess að ég hafi sleppt því sökum þess að það hefði ekkert gildi. Hér hefur fyrst verið leitað til verka þar sem vænta mátti mikils afraksturs, og ekki hefur verið tími til eða ráð á að orðtaka meira en gert hefur verið.

Af eldri bókmenntum (15. – 18. öld) hefur eingöngu verið tekið mið af stöku stórvirkjum. Mörg eldri óprentuð orðasöfn hafa nýst sem viðbót, einkum fyrrnefnt safn *Hallgríms Schevings* í Landsbókasafninu í Reykjavík. Því miður eru frumrit Schevings að mestu ónothæf í núverandi ástandi og menn verða að láta uppskrift Páls Pálssonar nægja. Þar að auki þarf að gæta fyllstu varkárni við að nota safnið, þar sem í ljós hefur komið að tilvitnanirnar eiga það til að vera ónákvæmar. Aftur á móti hef ég aðeins að litlu leyti notað hina stóru orðabók *Jóns Ólafssonar* (úr Grunnavík) frá 18. öld, sem enn er óútgefin í safni Árna Magnússonar, einkum vegna þess að vinna við slíkt verk hefði krafist allt of mikils tíma, og nútímamálið var að mínu mati mun mikilvægara. Reyndar á nokkur orðaforði rætur sínar í þessu verki, einkum vegna þess að Ólafur Davíðsson og fleiri, sem hafa orðtekið hana, einkum þau orð sem hafa skírskotun til þjóðháttá og menningarsögu.

Það hefur verið mér mikið áhugamál að varpa ljósi á hvað eina sem varðar alþýðumenningu á Íslandi í víðasta skilningi: hjátrú, siði, verkfæri, vinnuaðferðir o.s.frv. Núna þegar miklar breytingar eiga sér stað í landinu þá hef ég viljað gera mitt til að bjarga því frá gleymsku meðan enn er tími til, bæði með því að hafa beinar útskýringar í orðabókartextanum svo og með tilvísunum í prentaðar og óprentaðar heimildir.

Ég hef talið hentugt að birta myndir af einstökum hlutum, bæði með tilliti til þess að einstaka hlutar þeirra hafa ólík heiti á ólíkum svæðum, og á ég von á að slíkur listi muni stækka verulega.

Það hefur ekki verið markmið mitt að semja sögulega orðabók þrátt fyrir að verkið muni að sjálfsögðu varpa nokkru ljósi á málsöguna. Satt að segja er of snemmt að ætla að semja slíkt verk á meðan mikilvæg bókmenntaverk okkar frá 15. – 18. öld eru enn óútgefin eða gefin út á svo ófullkominn hátt að ekki er hægt að nota þau til nákvæmra textafræðilegra rannsókna. Af þessum sökum hef ég stillt notkun beinna tilvitnana í hóf og aðeins prentað örlítið brot af þeim dæmum sem finna má í handriti orðabókarinnar. Að þessu leyti sem og mörgu öðru hef ég haft að fyrirmynd ágæta stóra ensk-dansk-norska orðabók J. Brynildsens. Að undanskildum tilvitnunum *Hallgríms Scheving* eru allar tilvitnanir úr handritum yfirfarnar.

Ekki ætla ég að mér hafi tekist að ná yfir allan orðaforða tungumálsins – enda var það aldrei ætlun mín. Miklum fjölda samsettra orða er viljandi sleppt. Aðeins hluti þeirra algengari er tekinn með, nægjanlega mikið til að notandinn geti gert sér grein fyrir tegundum og formum. Þegar aðalorðið er í bókinni er oftast auðvelt að skilja samsetninguna. Þó verður að hafa í huga að stundum verður að fylgja öðrum meginreglum í orðabók sem hefur erlent tungumál sem skýringarmál á uppflöttiorðunum, þar sem nauðsynlegt er að taka tillit til sérstakrar notkunar á því máli sem þýtt er á; – „lýður“, þjóð, og „veldi“ eru bæði algeng orð en saman mynda þau fyrst og fremst orðið „lýðveldi“.

Hin sterka hreintungustefna í nútímamálinu hefur fætt af sér fjölda nýyrða, einkum á þeim sviðum sem þjóðin hefur nýlega komist í kynni við (rafmagnstækni o.fl.), og á þeim fræðasviðum sem fyrrum var lítið skrifað um (eðlisfræði, heimspeki o.fl.). Það hefur verið miklum vandkvæðum bundið að velja þessi orð. Þó hef ég valið að taka með þau nýyrði sem segja má að hafi öðlast almenna viðurkenningu og er m.a. að finna í algengum kennslubókum. Þar á meðal er þó nokkur fjöldi orða sem mér þykja sérkennileg og mörg önnur nýyrði eru annað hvort alveg óþörf, þar sem til er eldra orð sem málfrömuðurinn hefur annað hvort ekki þekkt eða munað eftir – eða þá að þau eru bara dægurflugur. Almennt má segja að þegar hlutur er orðinn þekktur og notaður þá festist eitt af þeim heitum við hann sem menn áður höfðu lagt til. Þar má nefna

öll þau mörgu heiti fyrir „Telefon“ þangað til fyrirbærið var innleitt í land okkar og orðið „*talsími*“ (nú oftast bara *sími*) varð ofan á. Fyrir kemur að maður rekist á tvö nýyrði, þar sem munurinn er ef til vill sá að annað þykir fínna eða bókmenntalegra, þar má nefna *bifreið* og (talmál) *bíll* fyrir automobil, þar sem hið síðara virðist líklegt til að sigra. Táknið (°), sem fjöldi slíkra orða í orðabókinni er táknaður með, merkir aðeins að þessi orð, að mínu mati og samverkamanna minna, hafa ekki náð fótfestu í málinu.

Sama á við um meðferð úreltra hugtaka. Í gömlu bókmenntamáli með jafn fastar hefðir og íslenska er nauðsynlegt að gæta varúðar við að segja að orð séu úrelt. Það hefur margoft komið fyrir að orð, sem ég hef haldið að enginn nútímamaður tæki sér í munn, væru enn hluti af orðfæri fólks. Þar á líka við að táknið (+) er aðeins persónulegt mat mitt og samverkamanna minna á því að orðið sé sjaldgæft í nútímamáli.

Skáldamál fornþéttmenntanna, sem eftir lifir í málinu, var auðvitað tekið með en *kenningar* gömlu skáldanna, sem eru sjaldgæfar í nútímaskáldskap, hef ég talið mig geta sleppt í flestum tilvikum. Aftur á móti hef ég tekið með algeng „heiti“ eins og *röðull*, *sunna* fyrir „sól“ o.s.frv.

Af erlendum hugtökum og orðum hef ég tekið þau með sem eru algeng í daglegu máli (*pólitík*, *kókó* o.fl.). Orð, sem telja má ónothæf í ritmáli eða notkun þeirra ekki almennt viðurkennd, eru merkt með ? Að einstaka slanguryrði og slettur fá að fljóta með vona ég að fræðimenn telji til kosta orðabókarinnar. Mér er þó vel ljóst, að ýmsir muni álasa mér fyrir að hafa tekið of mörg orð með sem af einhverjum ástæðum teljast ekki viðeigandi í tungumálinu annað hvort vegna framandi útlits eða vegna merkingar sinnar. En bókin er ekki akademísk orðabók – tilgangur hennar er að veita ófalsaða og sanna mynd af tungumálinu eins og það er og varpa ljósi á afkima þess eins og hægt er. Á grundvelli þessarar orðabókar geta svo málhreinsumarmenn og fagurkerar valið og hafnað og samið fullkomnar orðabækur.

Við uppbyggingu orðabókagreina og orðabókarritstjórnina hafa praktísk sjónarmið ráðið mestu. Eftir mikla umhugsun og á grundvelli margra ára reynslu ákvað ég að nota stafrófsröð sem gæti við fyrstu sýn virst nokkuð örökrétt en er að mínu mati hentug. Íslensk réttitun hefur lengi verið á reiki og einkum hafa bókstafirnir y (ý) og z verið umdeildir og fæstir nota þá rétt eða samkvæmt hefðbundinni málvenju. Af þessum sökum hafa nokkrir af okkar fremstu málfræðingum og skólamönnum (af síðustu kynslóð einkum *Björn M. Ólsen*) barist fyrir því að útrýma þeim, án þess þó að ná fullum sigri, þar sem flestir halda enn fast við y og ý en virðast þó hallari undir að sleppa z. Ég hef nú fylgt sömu reglu og ákveðnir tékkneskir orðabókafræðingar, að skipa y (ý) með i (í) líkt og um sama bókstaf væri að ræða. Þar að auki, eins og margir fyrirrennarar

mínir: *a* og *á*, *ð* og *d* (sem eru ekki aðskildir í bókum með gotnesku lettri), *o* og *ó*, *u* og *ú*. Ég hef táknað bókstafinn *é* með *je* samkvæmt reglum opinberrar stafsetningar. Ég vil taka fram að ekki má líta á bókina sem stafsetningarorðabók – hún sýnir aðeins hvernig orðin eru skrifuð í rituðu máli, og oft eru birtar nokkrar útgáfur af sama orði – en einnig hér gæti hún verið hjálpargagn við umbætur í framtíðinni.

Í bókinni er tilvísanakerfi frá mikilvægustu hljóðvarpsformunum yfir í aðalorðin, nokkuð sem útlendingar, þótt þeir hafi gott vald á málinu, þurfa oft á að halda, þótt innfæddir Íslendingar hafi að sjálfsögðu ekki þörf fyrir slíkt. Við nafnorð er gefið upp eignarfall í eintölu og nefnifall í fleirtölu og táknið | gefur til kynna hvar endingin bætist við: *fíll* (-s -ar) = *fíll*, *fíls*, *fílar*; tákn þetta er þó ekki notað við algengustu nafnorðsendingar: *staður* (-ar, -ir) = *staður*, *staðar*, *staðir*; endingin -andi breytir aðalsérhljóðanum í fleirtölu, ekki í eintölu: *elskandi* (-a, -endur) = *elskandi*, *elskanda*, *elskendur*. Auk þess eru sýndar mikilvægustu beygingarmyndir sterkra sagna. Við veikar sagnir er endasérhljóðinn gefinn upp í þátíð: *bjáta* (*a*) = *bjáta*, *bjátaði*; *hætta* (*i*) = *hætta*, *hætti*; þar sem endingin byrjar á samhljóða er öll endingin gefin upp: *beina* (*di*) = *beina*, *beindi*; *sveigja* (*ði*) = *sveigja*, *sveigði*; *hnýta* (*ti*) = *hnýta*, *hnýtti*. Við lýsingarorð er venjulega aðeins gefin upp kvenkyns- og hvorugkynsmynd þegar um er að ræða hljóðvarp, ásamt þolfalli í karlkyni þegar um er að ræða stofnlægt *j*, *r* og *v* (*fagran* o.s.frv.).

#### IV.

Enn á eftir að þakka öllum þeim sem hafa lagt lóð á vogarskálarnar við tilurð verksins.

Fyrst vil ég þakka ríkisstjórn og þjóðþingi Danmerkur og ríkisstjórn Íslands og Alþingi fyrir þann stuðning sem ég hef fengið við vinnuna og fyrir hinar háu fjárveitingar sem veittar hafa verið til að útgáfa og prentun verksins gæti verið sem veglegust, og síðast en ekki síst heimild til að setja á stofn Orðabókarsjóðinn. Á sama hátt þakka ég stjórn Carlsbergsjóðsins fyrir þann stuðning sem þeir veittu mér við samninguna um árabíl.

Auk þess þakka ég af heilum hug prentsmiðjunni *Gutenberg*, forstjóranum hr. *Þorvarði Þorvarðssyni* og ágætum setjurum og prenturum fyrir þeirra hlut í verkinu. Einkum og sér í lagi vil ég þakka þeim þremur setjurum sem hafa unnið að orðabókinni allan tímann, prentsmiðunum hr. *Aðalbirni Stefánssyni*, hr. *Einari Sigurðssyni* og hr. *Guðmundi Halldórssyni*. Íslensk prentlist hefur reist sér fagran minnisvarða með þessu verki.

Og að lokum færi ég öllum þeim sem unnið hafa að samningu orðabókarinnar hjartanlegar og hugheilar þakkir, fyrst og fremst þremur

helstu samverkamönnum mínum, meðritstjóra mínum *Jóni Ófeigssyni*, eiginkonu minni *Björgu Th. Blöndal* og *Holger Wiehe*, ásamt öllum þeim sem fyrr hafa verið nefndir, fyrir þeirra hlut í verkinu, svo og öðrum sem á einn eða annan hátt hafa aðstoðað okkur. Og síðast en ekki síst þakka ég hinum mikla lærdómsmanni sem hefur lagt svo mikið til þessarar bókar og tileinkuð er minningu hans, mínum ógleymanlega kennara og vini *Birni Magnússyni Ólsen*.

Og til að síðari tímar gleymi ekki hinum mikla hlut samverkamanna minna við tilurð þessa verks, er það ósk mín að við hverja nýja útgáfu bókarinnar sem kostuð er af „Íslensk – dönskum orðabókarsjóði“, sem stofnaður var við lok verksins, skuli formáli þessarar fyrstu útgáfu prentaður á ný auk aðfaraorða sem komandi útgefendur telja nauðsynleg.

\* \*

\*

Þegar ég nú eftir rúmlega 21 árs starf lýk verki þessu, finn ég glögg, þrátt fyrir alla þá alúð sem lögð var í verkið og alla þá ómetanlegu aðstoð sem ég hef þegið úr mörgum áttum, að bókin er að mörgu leyti gölluð og ófullkomin, og að sjálfsgöðu munu menn með tímanum rekast á fleira en mér og samverkamönnum mínum hefur tekist að koma auga á og leiðrétt. En þar sem ég hef allan tímann farið með yfirstjórn verksins og fengið sendar og farið yfir síðustu prófarkir og hreinprent og þar sem ekkert sem máli skiptir hefur verið gert án samþykkis míns, hlýtur ábyrgðin á öllum göllum bókarinnar að vera mín. Ég vona að þegar menn meta verkið muni þeir taka tillit til aðstæðna sem ríktu við tilurð þess, og þá einkum og sér í lagi þeirrar staðreyndar að það er ekki síður vandkvæðum bundið að semja stóra orðabók yfir nútímamálið í fyrsta sinn, en þegar fyrir liggja verk og rannsóknir ötulla málvísindamanna í margar kynslóðir, líkt og raunin er með fjölmargar aðrar þjóðtungur. Með tilliti til næstu útgáfu er það eindregin ósk mín að notendur bókarinnar sendi mér það sem þeir finna af villum og orðum og merkingum sem vantar. En það er von mín, að þrátt fyrir að óhjákvæmilega megi finna eitt og annað aðfinnsluvert, þá muni samt hið nýja efni sem bókin hefur að geyma, reynast svo dýrmætt að það geti orðið grundvöllur fyrir íslenska orðabókagerð í framtíðinni.

Staddur í Reykjavík, 19. júlí 1924

*Sigfús Blöndal.*